

Sp.

739. Fyrirspurn

[393. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða verð greiddi Ísal fyrir raforku frá Landsvirkjun ársfjórðungslega á árunum 1985–1987?
2. Hver hefur verið raforkunotkunin hjá Ísal á sama tímabili?
3. Hverjar eru horfurnar um raforkuverð og raforkunotkun hjá Ísal á árinu 1988 að mati Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins?
4. Hverju var spáð um raforkuverð og raforkunotkun hjá Ísal á árunum 1985, 1986 og 1987 samkvæmt þeim forsendum sem lagðar voru fyrir Alþingi og þingnefndir vegna samninga við Alusuisse í nóvember 1984 og hver er mismunurinn í heild í íslenskum krónum á þessu tímabili?
5. Hver er lækkunin á raungildi raforkuverðsins á árunum 1985, 1986 og 1987 og í heild á þessu tímabili vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu?

Beðið er um raforkuverð tilgreint í mill/kwst. og íslenskum aurum/kwst., heildarárs-greiðslur, raunverulegar og áætlaðar, í bandaríkjadöllum og íslenskum krónum miðað við meðalgengi og á verðlagi 1988.

Skriflegt svar óskast.